

Skýrsla stjórnar Bergrisans bs.

Starfsárið 2024-2025

Starfsárið 2024-2025 hefur stjórn Bergrisans lagt áherslu á að efla og byggja upp þjónustu við fatlað fólk með það að leiðarljósi að fatlað fólk geti lifað sjálfstæðu lífi á eigin forsendum. Þannig hefur verið lögð áhersla á gæðastarf og að auka við þjónustu ásamt því að fjölga þjónustukostum.

Almennt

Þrettán sveitarfélög eru aðilar að byggðasamlagi Bergrisans í gegnum fimm þjónustusvæði. Þjónustusvæðin eru Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings, sveitarfélagið Árborg, Hveragerðisbær, sveitarfélagið Ölfus og Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.

Á aðalfundi Bergrisans bs. þann 14. október 2024 urðu breytingar á stjórn. Anton Kári Halldórsson fór úr stjórn og er nú varamaður og í hans stað kom Eggert Valur Guðmundsson sem var áður varamaður. Stjórn og starfsfólk Bergrisans þakkar Antoni Kára kærlega fyrir hans framlag til Bergrisans og óskar honum velfarnaðar í næstu verkefnum. Einnig kom inn nýr varamaður frá Árborg, Sveinn Ægir Birgisson.

Aðalmenn í stjórn Bergrisans eru því þau Bragi Bjarnason, formaður, Sandra Sigurðardóttir, Hveragerði, Ása Valdís Árnadóttir, Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings, Elliði Vignisson, Ölfusi og Eggert Valur Guðmundsson, Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu. Varamenn eru Sveinn Ægir Birgisson, Árborg, Halldór B. Hreinsson, Hveragerði, Hulda Kristjánsdóttir, Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings, Gestur Þór Kristjánsson, Ölfusi og Anton Kári Halldórsson, Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.

Auk stjórnar hafa fulltrúar fagteymis og þjónusturáðs tekið virkan þátt í starfi byggðasamlagsins ásamt öðru starfsfólki aðildarsveitarfélaga Bergrisans í gegnum hin ýmsu samstarfsverkefni. Fastráðnir starfsmenn Bergrisans bs. eru þrír - verkefnastjóri, skrifstofustjóri og ráðgjafarþroskapálfi.

Árið 2024 voru haldnir 11 stjórnarfundir og það sem af er ári 2025 eru þeir 9 talsins. Voru fjölmörg verkefni afgreidd fyrir hönd byggðasamlagsins.

Aðalfundur var haldinn þann 14. október 2024. Á fundinum voru samþykktar breytingar á samþykktum byggðasamlagsins. Helstu breytingar snúa að því að aðlagða samþykktirnar að nýju umhverfi Bergrisans. Meðal breytinga er því að taka út starfsheiti og tala með almennari hætti um starfsfólk Bergrisans sem og taka út tilvísun í þjónustusamning við Árborg sem á ekki lengur við. Þá voru gerðar breytingar svo að aðalfundur geti samþykkt viðauka við fjárhagsáætlun. Einnig var bætt við tveimur lagatilvísunum eftir ábendingar frá Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti. Að lokum voru gerðar smávægilegar lagfæringar, s.s. með sameiningu málsgreina, samræma dagsetningar og tilvísanir í greinar voru lagfærðar.

Til að mæta húsnæðisþörfum fatlaðs fólks á starfssvæði Bergrisans bs. hefur verið þróuð áfangaskipt uppbyggingaráætlun húsnæðis sem nær yfir tíu ára tímabil frá 2025 til og með 2034.

Áætlunin byggir meðal annars á greiningu á núverandi biðlista og íbúapróun á svæðinu og var unnin í samvinnu við helstu haghafa. Jafnframt hefur farið fram greining á nýtingu núverandi úrræða. Í kjölfar greiningarferlis þá hefur verið ákveðið að stofna til skammtímaúrræðis fyrir fullorðið fatlað fólk og að opna nýtt búsetuúrræði fyrir börn. Gera má ráð fyrir að þessi úrræði hefji starfsemi nú í ár.

Á árinu var gert samkomulag á milli ríkis og sveitarfélaga um ábyrgð á rekstri og kostnaði búsetu barna með fjölpættan vanda utan heimilis. Ábyrgðin felur í sér að ríkið tekur að sér framkvæmd og ber ábyrgð á fjármögnun sérhæfðrar þjónustu við börn með fjölpættan vanda sem hafa verið metin í þörf fyrir þjónustu á þriðja stigi eigi síðar en 1. janúar 2026. Með samkomulaginu skuldbindur ríkið sig til þess að auka fjárframlög til sveitarfélaga á árinu 2025 vegna kostnaðar sem fellur til við veitingu þriðja stigs þjónustu við börn. Unnið er að frekara fyrirkomulagi vegna verkefnisins af hálfu ríkis og sveitarfélaga.

Samningar við sjálfstæða aðila voru til skoðunar á árinu sem er að líða en samningur við Skaftholt hefur verið til endurskoðunar með það að markmiði að tryggja starfsemina. Nú er í gildi skammtímasamningur til áramóta.

Á árinu lagði stjórn Bergisans til við aðildar þjónustusvæði um að stofna samráðshópa um málefni fatlaðs fólks en í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga segir að í hverju sveitarfélagi, eða í sveitarfélögum sem eiga samstarf um þjónustu við fatlað fólk, skal starfa formlegur samráðsvettvangur er nefnist samráðshópur um málefni fatlaðs fólks þar sem fjallað er um þjónustu við fatlað fólk og framkvæmd og þróun þjónustunnar. Í samráðshópnum skulu að lágmarki sitja þrír fulltrúar kosnir af sveitarstjórn að loknum sveitarstjórnarkosningum og þrír fulltrúar tilnefndir af hagsmunasamtökum fatlaðs fólks.

Stefnumótun

Hafin er undirbúningsvinna við heildstæða stefnumótun í málefnum fatlaðs fólks á starfssvæði Bergisans. Stefnan er mótuð um þjónustu við fatlað fólk á vinnustöðum fatlaðs fólks, í skammtímadvöl, frístund fyrir framhaldsskólanema og búsetu. Þátttakendur í verkefninu verða fatlað fólk og haghafar frá hverju þjónustusvæði – lykilstarfsmenn í málaflokknum ásamt kjörnum fulltrúum. Verður erindisbréf vegna verkefnisins sent út í nóvember og mun innleiðing stefnunnar hefjast vorið 2026.

Gæðaeftirlit

Ríkar skyldur hvíla á sveitarfélögum þegar kemur að eftirliti með þjónustu við fatlað fólk. Hefur stjórn Bergisans lagt áherslu á að tryggja gæði í starfseminni með öfluggu eftirliti og með innleiðingu gæðaviðmiða þvert á starfssvæðið. Á árunum 2021-2022 var farið í gæðaúttekt á svæðinu og var afrakstur þess verkefnis samræmd gæðaviðmið. Árið 2024 var farið aftur af stað í gæðaúttekt til að festa frekar í sessi þau gæðaviðmið sem lagt var upp með árið 2021. Sýndi niðurstaða þeirrar eftirfylgni að staða gæðamála á starfssvæðinu telst í meðallagi miðað við landsvísu en ljóst er að bæta má úr eftirfylgni á úrvinnslu úrbóta. Munu starfsmenn Bergisans hér eftir sjá um árlegt styðjandi gæðaeftirlit í samstarfi við forsvarsfólk eininga á starfssvæðinu. Þá hefur verið unnið að innleiðingu svokallaðra kröfulýsinga fyrir heimili, úrræði fyrir börn og vinnustaði. Gera má ráð fyrir að öll úrræði á starfssvæðinu verði komin með kröfulýsingu vorið 2026, á það einnig við um sjálfstæða aðila. Jafnframt er unnið að því að útbúa handbækur með það að markmiði að samræma verklag.

Húsnæðisuppbygging og ný úrræði

Árið 2024 opnaði nýr íbúðakjarni við Nauthaga 2 á Selfossi en það er fyrsta nýja húsnæðið í málaflokki fatlaðs fólks á starfssvæði Bergrisans síðan 2007.

Hafin er hönnunarvinna við næsta íbúðakjarna sem mun rísa á Hvolsvelli og mun það húsnæði vera í eigu og rekið af Brák íbúðafélagi hses. sem er húsnæðissjálfsseignarstofnun í eigu sveitarfélaga. Þá hefur Bergrisinn nýlega óskað eftir því við sveitarfélagið Árborg að næsta úrræði á eftir Hvolsvelli verði reist í sveitarfélaginu og hefur bæjarráð Árborgar samþykkt að hefja vinnu við að skoða mögulegar staðsetningar.

Fjármál

Nýlega hefur komið til aukinna framlaga frá Jöfnunarsjóði í málaflokk fatlaðra og hefur það styrkt stöðu Bergrisans til að takast á við þau verkefni sem fram undan eru. Bergrisinn hefur metnaðarfullar áætlanir um uppbyggingu næstu árin til að vinna á biðlistum á svæðinu en ljóst er að slíkt krefst mikils fjármagns. Er það því ánægjulegt að Bergrisinn hefur undanfarin tvö ár náð að byggja sterkan fjárhagslegan grunn til að takast á við uppbyggingarverkefni næstu ára en ljóst er þó að ekki eru öll ný verkefni fullfjármögnuð. Vonir standa samt sem áður til að ekki þurfi frekari innspýtingu frá aðildarsveitarfélögum eins og áður hefur þurft en tíminn þarf að leiða það í ljós næstu árin.

Þá hafa verið samþykktar breytingar á kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga er snýr að þjónustu við börn með fjölþættan vanda eins og áður hefur verið nefnt en ekki liggur fyrir að fullu hvaða áhrif það hefur á fjárhag Bergrisans. Þá er vert að nefna að áfram er stefnt að ýmsum breytingum á Jöfnunarsjóði er snýr að útreikningi framlaga í málaflokki fatlaðra og ákveðin óvissa ríkir um heildaráhrif þeirra breytinga á framlög til Bergrisans.

Rekstur Bergrisans stendur traustum fótum eins og er og mun áfram verða lögð áhersla á öflugt aðhald í öllum verkefnum Bergrisans.

Styrkir vegna úrbóta í aðgengismálum

Að lokum vill stjórn Bergrisans benda aðildarsveitarfélögum á að opið er fyrir styrkumsóknir vegna úrbóta á aðgengismálum en sveitarfélög sækja um styrki beint til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Lok tímabils styrkumsókna er desember 2026 en Bergrisinn hvetur aðildarsveitarfélög að sækja sem fyrst um.

Ákveðin styrkupp hæð er ætluð starfssvæðinu og deilist hún á sveitarfélög m.v. höfðatölu. Sé einhver hluti af styrknum á svæðinu ónýttur í lok tímabils þá geta önnur sveitarfélög óskað eftir viðbótarframlagi umfram höfðatölu.

F.h. stjórnar Bergrisans,

Bragi Bjarnason, stjórnarformaður